

Nd.

246. Frumvarp til laga

[114. mál]

um breyting á lögum nr. 60 7. júní 1957, um Háskóla Íslands.

Flm.: Sigurður Bjarnason, Benedikt Gröndal, Þórarinn Þórarinsson,
Magnús Kjartansson, Eyjólfur Konráð Jónsson.

1. gr.

Á eftir IX. kafla (40. gr.) laganna komi nýr kafli og ný grein, svo hljóðandi:

Kennsla í blaðamennsku.

Við heimspekideild skal stofna til kennslu í blaðamennsku, er fé er veitt til þess í fjárlögum, og skal kveða á um námstilhögun í reglugerð.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Innan samtaka íslenskra blaðamanna hefur um langt skeið ríkt mikill áhugi á bættri menntunaraðstöðu blaðamanna hér á landi. Hefur Blaðamannafélag Íslands tekið málið upp á þeim grundvelli, að stofnað skuli til kennslu í blaðamennsku við Háskóla Íslands. Hefur verið rætt um þessa hugmynd við forráðamenn háskólans og menntamálaráðherra. Báðir þessir aðilar hafa tekið jákvætt á málinu. Af hálfu háskólans hefur að sjálfsögðu verið bent á það, að kennsla í blaðamennsku hlyti að hafa í för með sér einhver aukin útgjöld fyrir stofnunina.

Með frv. þessu er lagt til, að stofnað skuli til kennslu í blaðamennsku við heimspekideild háskólans, þegar fé er veitt til þess í fjárlögum. Er jafnframt gert ráð fyrir, að kveðið skuli á um námstilhögun í reglugerð. En flutningsmenn telja, að styttri námstími en 3 mánuðir komi naumast til greina, ef gagn eigi að verða að þessari fræðslu. Forráðamenn háskólans og Blaðamannafélag Íslands mundu að sjálfsögðu hafa nána samvinnu um undirbúning og setningu reglugerðar um þessi efni.

Það er skoðun flm. þessa frv., að hér sé um mikilvægt menningarmál að ræða. Áhrif blaða og annarra fjölmiðlunartækja eru svo rík í nútíma þjóðfélagi, að á miklu veltur, að þeir, sem við þau starfa, séu vel menntaðir og hæfir menn. Enda þótt kennsla í blaðamennsku við Háskóla Íslands yrði fyrst í smáum stíl, gæti hún þróast upp í það að verða fullkomin kennslugrein innan stofnunarinnar, eins og tíðkast með mörgum öðrum menningarþjóðum.